ÍSALP

# ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 22 — DES. '81



# Fréttapistill

Laugardaginn þann 29. ágúst var Hraundranginn milli Öxnadals og Hörgárdals klifinn í sjötta skipti. Voru þar að verki: Birkir Einarsson, Páll Sveinsson og Broddi Magnússon, allir frá Akureyri. Þeir lögðu upp frá Hörgárdal og klifruðu sömu leið og tveir síðustu hópar. Klifrið sjálft tók tvo tíma.

Sunnudaginn 22. nóvember síðastliðinn var Elífsdalsfossin klifinn af þeim Jóni Geirssyni og Snævarri Guðmyndssyni. Klifu þeir hann sóló en fossinn er 70–80 m hár. Meðalhallinn ca 55°. Má segja að leiðin skiptist í tvo hluta, fyrst íspil og síðan ísgil, sem í voru ísuð klettahöft. Aðstæður þennan dag reyndust sæmilegar, en snjófjúk var niður af brúninni og því talsverð snjóflóðahætta. Leið þessi er svipuð að erfiðleikum og Þrengslin í Botnsúlum, eða III. gráða.



**Nýja leiðin í Eilífsdal liggur upp snjó/íslænuna til hægri fyrir miðri mynd. Myndin er tekin frá Eilífstindi. Ljósm. Guðmundur Pétursson, jan. 1980.**